

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skógrækt á Kjalarnesi - R21070158

Borgarráð samþykkir að auka skógrækt á Kjalarnesi með það fyrir augum að auka skjól. Umhverfis- og skipulagsviði verði falið að vinna verkáætlun sem liggi fyrir í byrjun september.

Greinargerð:

Borgarstjórn samþykkti að ráðast í markvissa gróðursetningu til að minnka vindálag í Reykjavík þ. 18. Júní 2019. Lagt var upp með að setja upp 50 veðurstöðvar, en ætla má að árangursrík staðsetning sé í nágrenni við Esju á Kjalarnesi. Lítið hefur þokast í þessum efnum, en nú berast af því fréttir að skjólbelti við Vesturlandsveg á Kjalarnesi hefur nú verið fjarlægt og ekki standi til að gera annað í staðinn. Ljóst er að þetta skjólbelti hefur minnkað vind á Vesturlandsvegi um árabíl. Svo virðist sem gleymst hafi að gera ráð fyrir því að gera annað skjólbelti í stað þess sem fargað var. Það er því enn brýnna að bæta úr skógræktarmálum á svæðinu samhliða því að farið verði í þær veðurfarslegu mælingar sem borgarstjórn samþykkti fyrir tveimur árum síðan.